

## HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2016, þriðjudaginn 19. janúar, var haldinn 120. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.20. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Elísabet Ólöf Helgadóttir og Sigþór K. Ágústsson. Einnig voru mætt áheyrnarfulltrúarnir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir Framsókn og flugvallarvini, Daníel Ólason frá ungmennaráði Breiðholts og Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Bjarni Valur Guðmundsson sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Fulltrúi ungmennaráðs Breiðholts skýrði frá starfsemi og fundum ráðsins.
  - Kl. 16.27 taka Grétar Samúelsson og Magnús Valdimarsson frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt sæti á fundinum.
2. Formaður og hverfisstjóri sögðu frá fundi með stjórnkerfis- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar þann 11. janúar 2016 þar sem þau kynntu stefnumið hverfisráðs Breiðholts sem samþykkt voru á fundi 15. desember 2015.
3. Rætt um fyrirkomulag við styrkveitingar hverfisráðs árið 2016. Lagt til að auglýst verði eftir umsóknum með formlegum hætti í febrúar og styrkir verði afgreiddir í mars-apríl.  
Samþykkt.
4. Umræða um viðurkenningar innan hverfis. Lagt til að mynda samstarf um slíkt milli hverfisráðs og Íbúasamtakanna sem byggði á stefnumiðum hverfisráðs.  
Samþykkt.
5. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og Flugvallarvinir óska eftir því að hverfaráð Breiðholts hlutist til að haldin sé upplýsinga og kynningarfundur fyrir íbúa að Árskógum varðandi fyrirhugaðar nýbyggingar á hinum svokallaða ÍR reit. Íbúar hafa ítrekað óskir sínar, svo og Hverfaráð Breiðholts en ekkert gerist enn. Farið er fram á að Hverfaráð Breiðholts haldi fundinn og fái hlutadeigandi aðila með í þá vinnu. Íbúum er sýnd algjör ósvífni og dónaskapur með því að svara ekki fyrirspurnum þeirra eða þeim sé kynnt fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir enda eru íbúar ósáttir með margt sem þar er lagt til á byggingarsvæðinu.
6. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Víða er þörf á að lagfæra göngustíga í Breiðholtinu. Dæmi er um að stígar séu afar ósléttir og hættulegir t.d. hjólreiðafólki og eldra fólki. Er einhver áætlun og þá hvenær það verður gert að lagfæra stíga og eða endurnýja?

Formaður hverfisráðs svaraði fyrirspurn um göngustíga svohljóðandi:

Margir göngustígar voru lagaðir, bæði vegna óska sem komu frá íbúum í tengslum við verkefni um Betri Hverfi og vegna framkvæmdaráætlunar ársins 2015. Formaður var nýlega að skoða framvindu þeirrar vinnu. Leitað verður eftir nákvæmara svari við fyrirspurninni.
7. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Víða er lýsingu ábótavant í hverfinu. Tré hafa vaxið yfir ljósastaura og skyggja á birtu. Er einhver áætlun að lagfæra það t.d. með því að snyrta trén eða bæta við lýsingu?

8. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Víða er ábótavant hvað varðar þrif eftir hunda og vilja sumir hundaeigendur kenna um að ekki séu nægilega margar ruslatunnur í hverfinu. Má td. sérmerkja með áberandi lit - eru nú grænar og falla í umhverfið og „týnast“. Er einhver áætlun að fjölga ruslatunnum um hverfið og við göngustíga?

Formaður hverfisráðs svaraði fyrirspurninni svohljóðandi:

Ruslatunnum var fjölgað í hverfinu árið 2015 að ósk íbúa í tengslum við Betri hverfi verkefnið. Leitað verður nákvæmara svars um fjárhæð sem var nýtt í að fjölga ruslatunnum í hverfinu.

9. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Víða er gat á girðingum og hefur svo verið í langan tíma. Annarsstaðar þarf að lagfæra og bæta. Sumstaðar eru þær hættulegar. Er einhver vinna í gangi með að klára það, því lagt var af stað í mikla vinnu með að endurgera skólalóðir með góðum árangri?

10. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum frá umhverfis og skipulagsráði hvort uppbygging sé í gangi við Leirubakka á íbúðum fyrir eldri borgara? Einnig hvort frekari bygging verði í móanum milli efra og neðra Breiðholts? Ef bygging er fyrirhuguð, þá er óskað eftir því að kynning verði á þeim áætlunum.

Formaður hverfisráðs svaraði fyrirspurninni svohljóðandi:

Upplýsingar um fyrirhugaða byggingu við Leirubakka er hægt að nálgast í Aðalskipulagi á vef borgarinnar. Hverfisráði er alltaf boðin kynning þegar bygging er sett í framkvæmdarferli.

11. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig reynist íbúakjarni sem byggður var 2011-2013 af Félagi eldri borgara í samstarfi við Reykjavíkurborg? Um er að ræða 49 íbúðir. Eru íbúar sáttir? Hvernig reynast íbúðirnar íbúum?

Hverfisstjóri svaraði fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina svohljóðandi:

Íbúar virðast vera mjög ánægðir og íbúðirnar virðast reynast þeim vel. Samskipti við hverfisbækistöð og þjónusta tengd íbúakjarna hefur gengið mjög vel.

**Fundi slitið kl. 17.46.**

Nichole Leigh Mosty

Sigpór K. Ágústsson

Elísabet Ólöf Helgadóttir